

NÝTT SVIÐ UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁLA Á SNÆFELLSNESI

Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær hafa sameinast um uppbyggingarverkefni innan stjórnarsýslu. Stofnað hefur verið nýtt svið umhverfis- og skipulagsmála og leitað er eftir öflugum liðsmönnum í teymi til að leiða starfsemi sviðsins. Við ráðningar verður litið til heildarsamsetningar á hæfni sem þarf inn á sviðið.

SVIÐSSTJÓRI

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁLA

- Leitað er að kraftmiklum leiðtoga til að stýra nýju sviði og leiða þróun umhverfis-, skipulags- og byggingarmála og yfirstjórn verklegra framkvæmda samstarfssveitarfélaganna.
- Sviðsstjóri leiðir teymi starfsfólks sem fer með skipulags- og byggingarmál, verklegar framkvæmdir, eignaumsjón og önnur áhugaverð umhverfisverkefni og stjórnarsýslu mála-flokksins hjá samstarfssveitarfélögum.

STARFSSVIÐ OG MEGINHLUTVERK

- Ábyrgð á daglegri starfsemi í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum, verklegum framkvæmdum og eignaumsjón í samstarfssveitarfélögum, rekstri sviðsins, áætlanagerð, mannauðsmálum og stjórnarsýsluframkvæmd sviðsins.
- Leiðandi hlutverk í faglegri þróun þessa nýja sviðs og þátttaka í stefnumótun sveitarstjórnanna í framangreindum málaflokkum.
- Samstarf, ráðgjöf, samskipti og fyrirvar gagnvart stjórnarsýslu sveitarfélaganna, íbúum og fleirum.
- Umsjón með umhverfisverkefnum sveitarfélaganna, náttúruvernd, fegrin umhverfis og umhírðu, opnum svæðum, umferðar- og samgöngumálum og sorpmálum.
- Leiðir stafræna þróun sveitarfélaganna á málefnasviðinu.

SÉRFRÆÐINGUR

Á SVIÐI BYGGINGAR- EÐA SKIPULAGSMÁLA

- Leitað er eftir kraftmiklum sérfræðingi sem verður staðgengill sviðsstjóra og þátttakandi með sviðsstjóra í uppbyggingu sviðsins.

STARFSSVIÐ OG MEGINHLUTVERK

- Sinnir annað hvort hlutverki skipulags- eða byggingarfulltrúa sveitarfélaganna.
- Vinnur að faglegu starfi sviðsins í samvinnu við sviðsstjóra, en undir sviðið heyra skipulags- og byggingarmál, verklegar framkvæmdir, eignaumsjón og umhverfisverkefni.
- Þátttaka í faglegri þróun þessa nýja sviðs.
- Samstarf og ráðgjöf við samstarfsfólk á sviðinu og eftir atvikum fagnefndir sveitarfélaganna og bæjarstjóra/oddvita um verkefni sviðsins.
- Samskipti við íbúa, opinberar stofnanir og aðra hagsmunaaðila um málefni sviðsins
- Ábyrgð á stjórnarsýsluframkvæmd innan skilgreinds starfssviðs sem verður mótað nánar við uppbyggingu sviðsins, sem sérfræðingur mun taka þátt í.

MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR

Í bæði störf er gerð krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi. Kostur ef umsækjandi hefur annað hvort réttindi til að starfa sem skipulags- eða byggingarfulltúi eða að menntun veiti umsækjanda tækifæri til að öðlast réttindi sem skipulags- eða byggingarfulltrúi í kjölfar ráðningar.

ALFRED.IS Auglýsingarnar í heild sinni eru birtar þar og skal umsóknum ásamt fylgigögnum skilað í ráðningakerfi Alfreðs.

Nánari upplýsingar um störfín veita:

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar
jakob@stykkisholmur.is, s. 433 8100
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
bjorg@grundarfjordur.is, s. 430 8500

Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær eru fjögur af þeim fimm sveitarfélögum á Snæfellsnesi sem hlotið hafa EarthCheck umhverfissvottun í rúman áratug. Íbúar eru tæplega 2300 talsins, með þéttbýliskjarnana **Grundarfjörð** og **Stykkishólm**.

Á Snæfellsnesi er fjölskrúðug náttúra og gott mannlíf, atvinnuvegir eru fjölbreyttir og samfélagið fjölskylduvænt. Leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og framhaldsskóli er á svæðinu, lágvöruslun og góðar samgöngur. Aðstaða er fyrir störf án staðsetningar t.d. fyrir maka. Ferðatími til höfuðborgarinnar er um 1,5 - 2 klst.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2021